

**Nd.**

**458. Frumvarp**

til laga um bráðabirgðahækkun á burðargjaldi.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Burðargjöld þau öll og ábyrgðargjöld innanlands með póstum og póstskipunum, sem ræðir um í póstlögum 16. nóv. 1907, hækka um helming (100%).

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til ársloka 1919.

**Greinargerð.**

Frumvarp þetta er komið fram til þess að auka nokkuð tekjur lands-sjóðs, og munu allir samdóma um, að þess sje full þörf. Hækkun þessi virðist og eðlileg, þegar litið er til þess, að gjöld öll til póstflutninga hækka stórum. Það sjest eigi heldur, að hækkun sú, sem hjer er stungið upp á, sje verulega tilfinn-anleg fyrir gjaldendur. Nefndinni þótti því rjett að bera frumvarp þetta fram. Fyrir hinum einstöku ákvæðum frumvarpsins þykir eigi þörf að gera grein sjerstaklega.